

Societas Gerontologica Islandica

Reykjavík 24. nóvember 2008

Alþingi

Erindi nr. P 136/246

komudagur 26.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Öldrunarfræðafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða

Í júní 2006 stóð þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis fyrir málþingi um forvarnir gegn ofbeldi á öldruðum í samvinnu m.a. við Landlæknisembættið og Öldrunarfræðafélag Íslands. Á því málþingi kom fram að bæði fagaðilar og eldri borgarar telja fulla þörf á umboðsmanni aldraðra. Í máli fyrirlesara kom fram að umboðsmaður gæti haft tvíþættu hlutverki að gegna, þ.e. annarsvegar að vera vakandi yfir hagsmunum og viðhorfi til eldri borgara og svo hinsvegar að fylgja eftir kvörtunum eldri borgara, þegar þeir telja brotið á sér. Jafnframt þyrfti umboðsmaður að vera leiðandi í umræðu og aðgerðum í átt til velfarnaðar fyrir eldri borgara.


Spurningakönnun um hagi og viðhorf eldri borgara sem unnin var um áramótin 2006-2007 styður ofangreinda skoðun enda kom þar fram að 17,3% svarenda á aldursbilinu 67-80 ára svaraði því til að þeir hefðu orðið varir við að vanrækslu eða ofbeldi gegn eldri borgurum.

Um leið og Öldrunarfræðafélagið fagnar tillögu til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða mælir það með því að málsvarinn verði óháður en hugsanlega með aðgengi inn í háskólasamfélagið og góða tengingu við önnur embætti umboðsmanna s.s. umboðsmanns fatlaðra og umboðsmanns barna.

Þó svo að brýnt sé að tryggja gott aðgengi að þjónustu málsvarans telur Öldrunarfræðafélagið ekki vænlegt að sveitarfélögin taki að sér þessa hagsmunagæslu. Það er álit félagsins að ef eldri borgarar telji sveitarfélag brjóta á rétti sínum, t.d. til þjónustu þá geti verið erfitt fyrir eldri borgarann að treysta því að sveitarfélagið sé hans málsvari. Það geti því vart verið ákjósanlegt að sveitarfélagið sé beggja megin borðsins.

Öldrunarfræðafélagið telur brýnt að áhersla verði lögð á að embætti málsvara hafi annaðhvort gott aðgengi að öðru fagfólki á sviði öldrunarfræða eða verði þverfaglega samsett.

Virðingarfyllt,
f.h. Öldrunarfræðafélags Íslands



Sigrún Ingvarsdóttir, formaður Öldrunarfræðafélags Íslands